# 1989 nr. 14 7. mars
# Lög um norrænan þróunarsjóð

**Tóku gildi 30. janúar 1989.** *Breytt með:* L. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005).

**■ 1. gr.**

□ Stofna skal norrænan þróunarsjóð samkvæmt samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns þróunarsjóðs sem undirritaður var í Stokkhólmi 3. nóvember 1988.

**■ 2. gr.**

□ Sjóðurinn skal undanþeginn ákvæðum laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála,[1] svo og annarra laga er setja kunna hömlur á greiðslur í erlendum gjaldeyri eða gjaldeyrisviðskipti, að svo miklu leyti sem slík ákvæði hindra eða torvelda starfsemi sjóðsins eða efndir skuldbindinga hans.

[1] *Nú l. 87/1992.*

**■ 3. gr.**

□ Sjóðurinn skal vera undanþeginn aðstöðugjaldi, landsútsvari [og tekjuskatti],[1] svo og öðrum gjöldum sem lögð kunna að vera á tekjur, eignir eða veltu til ríkis eða sveitarfélaga.

[1] *L. 129/2004, 80. gr.*

**■ 4. gr.**

□ Lánssamningar, sem sjóðurinn er aðili að, skulu vera undanþegnir stimpilgjöldum og öðrum gjöldum hins opinbera.

**■ 5. gr.**

□ Lög þessi öðlast gildi um leið og samningur um norrænan þróunarsjóð.

ELDRI ÚTGÁFA